

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá kaldavatnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir árið 2002.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 16. janúar 2002 var samþykkt eftirfarandi breyting á gjaldskrá kaldavatnsveitu í austurhluta sveitarfélagsins fyrir árið 2002:

Vatnsgjald 0,2 hundraðshlutar af fasteignamati eignar skv. 7. gr. laga nr. 81/1991, með br. skv. ákvæði 3. gr. laga nr. 149/1995, með br. skv. ákvæði 1. gr. laga nr. 143/2000.

Tengigjald (stofngjald) á lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verður kr. 251.604.

Tengigjald fyrir frístundahús (sumarhús) og íbúðarhús verður kr. 127.502.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 23. janúar 2002.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsing um viðurkenningu erlendra kennivottorða og undanþágu frá skyldu til að hafa vegabréfsáritun, nr. 234 23. mars 2001.

1. gr.

Í 5. tölul. 2. mgr. 2. gr. falla brott orðin „Behelfsmässiger Personalausweis“ undir Pýskaland.

2. gr.

3. gr. breytist þannig:

a. Við 1. tölul. bætist í stafrófsröð:

RÚMENÍA

b. 2. tölul. 3. mgr., sbr. auglýsingu nr. 309 9. apríl 2001, falli brott.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 46 12. maí 1965, sbr. lög nr. 25 9. maí 2000, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. janúar 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

Stefán Eiríksson.